

Samningur um Evrópska
efnahagssvæðið

Sameiginlega EES-nefndin

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR

nr. 86/98
frá 25. september 1998

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður
með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á
eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar
nr. 10/96 frá 1. mars 1996⁽¹⁾.

Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/63/EB frá 24. nóvember 1997 um breytingu á
tilskipunum 76/116/EBE, 80/876/EBE, 89/284/EBE og 89/530/EBE um samræmingu á
lögum aðildarríkjanna um tilbúinn áburð⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í 1. lið (tilskipun ráðsins 76/116/EBE) í XIV. kafla II.
viðauka við samninginn:

„- **397 L 0063**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/63/EB frá 24. nóvember
1997 (Stjtið. EB L 335, 6.12.1997, bls. 15).“

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 124, 23.5.1996, bls. 11 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 22, 23.5.1996, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 335, 6.12.1997, bls. 15.

2. gr.

Eftirfarandi bætist við í 3. lið (tilskipun ráðsins 80/876/EBE) í XIV. kafla II. viðauka við samninginn:

„, eins og henni var breytt með:

- **397 L 0063**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/63/EB frá 24. nóvember 1997 (Stjtið. EB L 335, 6.12.1997, bls. 15).“

3. gr.

Eftirfarandi bætist við í 5. lið (tilskipun ráðsins 89/284/EBE) í XIV. kafla II. viðauka við samninginn:

„, eins og henni var breytt með:

- **397 L 0063**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/63/EB frá 24. nóvember 1997 (Stjtið. EB L 335, 6.12.1997, bls. 15).“

4. gr.

Eftirfarandi bætist við í 7. lið (tilskipun ráðsins 89/530/EBE) í XIV. kafla II. viðauka við samninginn:

„, eins og henni var breytt með:

- **397 L 0063**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/63/EB frá 24. nóvember 1997 (Stjtið. EB L 335, 6.12.1997, bls. 15).“

5. gr.

Fullgiltur texti tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 97/63/EB á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

6. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 26. september 1998, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

7. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 25. september 1998.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

N. v. Liechtenstein

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

G. Vik

E. Gerner